



Umsögn Hagstofu Íslands um þingskjal 393 – 279. mál,
152. löggjafarþing 2021-2022

Reykjavík, 23. mars 2022

Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis veitir Hagstofa Íslands umsögn um *frumvarp til laga um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, með síðari breytingum (vísitala neysluverðs án húsnæðis)*.

Í frumvarpinu er lagt til að ekki skuli taka tillit til húsnæðiskostnaðar við útreikning á vísitölu neysluverðs.

Húsnæðiskostnaður er mikilvægur útgjaldaþáttur í einkaneysluútgjöldum heimilanna svo breyting af þessu tagi myndi fela í sér að ekki yrði mögulegt að uppfylla markmið laga um vísitölu neysluverðs um að mæla breytingar á verðlagi einkaneyslu m.a. til að meta þróun kaupmáttar.

Hagstofan Íslands mælir því gegn þessari breytingartillögu.